Nr. 41 26. ágúst 2022

# AUGLÝSING

**um samning við Bandaríkin um flutning farþegabókunargagna (PNR).**

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 14. júní og 13. júlí 2010 var gengið frá samningi milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkjanna um flutning farþegabókunargagna (PNR). Samningurinn öðlaðist gildi 13. júlí 2010 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.*

F. h. r.
**Martin Eyjólfsson.**

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

## SAMNINGUR
## Í FORMI ORÐSENDINGASKIPTA MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG BANDARÍKJANNA UM FLUTNING FARÞEGABÓKUNARGAGNA (PNR)

A. *Orðsending frá ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku.*

Sendiráð Bandaríkja Ameríku vottar utanríkisráðuneyti lýðveldisins Íslands virðingu sína og veitist sá heiður, með vísan til viðræðna milli ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku (ríkisstjórnar Bandaríkjanna) og ríkisstjórnar Íslands um flutning farþegabókunargagna (PNR-gagna) úr flugi milli Íslands og Bandaríkjanna, að leggja til eftirfarandi:

Fyrir hönd ríkisstjórnar Bandaríkjanna veitist sendiráðinu sú ánægja að tilkynna ríkisstjórn Íslands að slík farþegabókunargögn heyra undir friðhelgisvernd farþegabókunargagna eins og fram kemur í skráakerfistilkynningu (SORN) fyrir sjálfvirka markkerfið (ATS) sem gefin var út af heimavarnarráðuneyti Bandaríkjanna, Toll- og landamæraeftirlitinu. Skráakerfi er safn hvers kyns skráa, undir stjórn einhverrar af opinberum stofnunum Bandaríkjanna, sem sækja má í upplýsingar eftir nafni einstaklings eða einhvers konar auðkennisnúmeri, -tákni eða öðru auðkenni sem einstaklingnum hefur verið úthlutað. Samkvæmt bandarískum lögum verður hver slík stofnun að birta tilkynningu um skráakerfi sín í lögbirtingablaði Bandaríkjanna (Federal Register). Skráakerfistilkynning fyrir sjálfvirka markkerfið var birt í Lögbirtingablaði Bandaríkjanna 6. ágúst 2007 (72. hefti, nr. 150) (bls. 43650-43656).

Samkvæmt lögum um flugvernd og vernd flutninga frá 2002 (Opinber réttur 107-71), nánar tiltekið í 49. bálki lagasafns Bandaríkjanna, þætti 44909(c)(3), er krafist farþegabókunargagna fyrir allt flug til og frá Bandaríkjunum. Farþegabókunargögn úr flugi milli Íslands og Bandaríkjanna heyra undir reglur um farþegabókunargögn sem fram koma í skráakerfistilkynningunni fyrir sjálfvirka markkerfið-farþegar (ATS-P), sem er ein af sex einingum sjálfvirka markkerfisins. Skráakerfistilkynningin tekur til ferla við að safna, greina, geyma og veita aðgang að slíkum farþegabókunarupplýsingum og til leiðréttingar þar eð þær gilda um alla farþega. Þessi hluti skráakerfistilkynningarinnar fjallar um: tilganginn með vinnslu farþegabókunargagna; reglubundna notkun kerfisins, þ.m.t. í hvaða tilvikum deila má farþegabókunargögnum með öðrum stofnunum eða ríkisstjórnum; þau gagnastök sem farþegabókunargögn samanstanda af; þá einstaklinga sem heyra undir kerfið; áhættumiðaða útmiðun ferðamanna á grundvelli farþegabókunargagna; beitingu verndarráðstafana bandarísku persónuverndarlaganna á sviði stjórnsýslu gagnvart skrám yfir einstaklinga, aðra en bandaríska ríkisborgara eða löglega íbúa með fasta búsetu sem er að finna í blönduðum kerfum; hversu lengi farþegabókunargögn eru varðveitt og förgun þeirra, og tækifæri einstaklinga til að hafa aðgang að farþegabókunargögnum um sig og möguleika þeirra til leiðréttingar.

Í ljósi framangreinds:

1. Ríkisstjórn Bandaríkjanna staðfestir að í skráakerfistilkynningunni fyrir sjálfvirka markkerfið, sem er lagagerningur sem krafist er samkvæmt bandarískum lögum (bandarísku persónuverndarlögunum frá 1974), er kveðið á um, að því er varðar farþegabókunargögn sem henni berast vegna flugs milli Bandaríkjanna og Íslands, að ríkisstjórn Bandaríkjanna veitir í grundvallaratriðum sömu friðhelgisvernd og fjallað er um í samningi Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um vinnslu og flutning farþegabókunargagna (PNR-gagna) á vegum flugrekenda til heimavarnarráðuneytis Bandaríkjanna, sem undirritaður var í Washington og Brussel 23. og 26. júlí 2007 (samningurinn frá 2007). Ríkisstjórn Bandaríkjanna fullvissar ríkisstjórn Íslands um að meðferð hennar á slíkum farþegabókunargögnum úr flugi milli Bandaríkjanna og Íslands muni ekki verða önnur en sú sem farþegabókunargögn njóta samkvæmt samningnum frá 2007.
2. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal tilkynna ríkisstjórn Íslands um hvers kyns breytingar á skráakerfistilkynningunni fyrir sjálfvirka markkerfið sem kunna að hafa áhrif á þá meðferð og friðhelgisvernd sem gildir um farþegabókunargögn sem geymd eru í sjálfvirka markkerfinu-farþegar (ATS-P), og um hvers kyns breytingar á samningnum frá 2007 eða síðari samningum

í framhaldi af honum. Hreyfi ríkisstjórn Íslands ekki andmælum mun meðferð farþegabókunargagna frá flugrekendum á Íslandi vera í samræmi við skráakerfistilkynninguna, með áorðnum breytingum, sem einnig myndi endurspegla samninginn frá 2007 eða breytingar á honum. Leggi ríkisstjórn Íslands fram andmæli skal gengið til viðræðna innan sextíu (60) daga, eins og lýst er í 5. lið hér á eftir.

3. Ríkisstjórn Íslands staðfestir að þessi samningur fullnægir kröfum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 að því er varðar flutning til erlends ríkis.
4. Ríkisstjórn Íslands skal tryggja að flugrekendur sem starfrækja farþegaflug milli Íslands og Bandaríkjanna geri farþegabókunargögn aðgengileg ríkisstjórn Bandaríkjanna í samræmi við bandarísk lög.
5. Ríkisstjórnirnar tvær skulu, með gagnkvæmu samkomulagi, leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu þessa samnings. Sendiráðið leggur enn fremur til, fyrir hönd ríkisstjórnar Bandaríkjanna, að fallist ríkisstjórn Íslands á þessa tillögu skuli orðsending þessi og svarorðsending ráðuneytisins henni til staðfestingar vera ígildi samnings milli ríkisstjórnanna tveggja, sem öðlast skal gildi á degi orðsendingar ráðuneytisins og gilda nema önnur ríkisstjórnanna segi honum upp með því að tilkynna hinni skriflega um það með tveggja (2) mánaða fyrirvara.

Sendiráð Bandaríkja Ameríku notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneyti lýðveldisins Íslands enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Sendiráð Bandaríkja Ameríku
Reykjavík, Ísland, 14. júní 2010

*B. Orðsending frá ríkisstjórn Íslands.*

Utanríkisráðuneytið vottar sendiráði Bandaríkja Ameríku virðingu sína og veitist sá heiður að staðfesta mótttöku svohljóðandi orðsendingar sendiráðsins nr. 19, sem er dagsett 14. júní 2010:

„Sendiráð Bandaríkja Ameríku vottar utanríkisráðuneyti lýðveldisins Íslands virðingu sína og veitist sá heiður, með vísan til viðræðna milli ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku (ríkisstjórnar Bandaríkjanna) og ríkisstjórnar Íslands um flutning farþegabókunargagna (PNR-gagna) úr flugi milli Íslands og Bandaríkjanna, að leggja til eftirfarandi:

Fyrir hönd ríkisstjórnar Bandaríkjanna veitist sendiráðinu sú ánægja að tilkynna ríkisstjórn Íslands að slík farþegabókunargögn heyra undir friðhelgisvernd farþegabókunargagna eins og fram kemur í skráakerfistilkynningu (SORN) fyrir sjálfvirka markkerfið (ATS) sem gefin var út af heimavarnarráðuneyti Bandaríkjanna, Toll- og landamæraeftirlitinu. Skráakerfi er safn hvers kyns skráa, undir stjórn einhverrar af opinberum stofnunum Bandaríkjanna, sem sækja má í upplýsingar eftir nafni einstaklings eða einhvers konar auðkennisnúmeri, -tákni eða öðru auðkenni sem einstaklingnum hefur verið úthlutað. Samkvæmt bandarískum lögum verður hver slík stofnun að birta tilkynningu um skráakerfi sín í lögbirtingablaði Bandaríkjanna (Federal Register). Skráakerfistilkynning fyrir sjálfvirka markkerfið var birt í Lögbirtingablaði Bandaríkjanna 6. ágúst 2007 (72. hefti, nr. 150) (bls. 43650-43656).

Samkvæmt lögum um flugvernd og vernd flutninga frá 2002 (Opinber réttur 107-71), nánar tiltekið í 49. bálki lagasafns Bandaríkjanna, þætti 44909(c)(3), er krafist farþegabókunargagna fyrir allt flug til og frá Bandaríkjunum. Farþegabókunargögn úr flugi milli Íslands og Bandaríkjanna heyra undir reglur um farþegabókunargögn sem fram koma í skráakerfistilkynningunni fyrir sjálfvirka markkerfið-farþegar (ATS-P), sem er ein af sex einingum sjálfvirka markkerfisins. Skráakerfistilkynningin tekur til ferla við að safna, greina, geyma og veita aðgang að slíkum farþegabókunarupplýsingum og til leiðréttingar þar eð þær gilda um alla farþega. Þessi hluti skráakerfistilkynningarinnar fjallar um: tilganginn með vinnslu farþegabókunargagna; reglubundna notkun kerfisins, þ.m.t. í hvaða tilvikum deila má farþegabókunargögnum með öðrum stofnunum eða ríkisstjórnum; þau gagnastök sem farþegabókunargögn samanstanda af; þá einstaklinga sem heyra undir kerfið; áhættumiðaða útmiðun

ferðamanna á grundvelli farþegabókunargagna; beitingu verndarráðstafana bandarísku persónuverndarlaganna á sviði stjórnsýslu gagnvart skrám yfir einstaklinga, aðra en bandaríska ríkisborgara eða löglega íbúa með fasta búsetu sem er að finna í blönduðum kerfum; hversu lengi farþegabókunargögn eru varðveitt og förgun þeirra, og tækifæri einstaklinga til að hafa aðgang að farþegabókunargögnum um sig og möguleika þeirra til leiðréttingar.

Í ljósi framangreinds:

1. Ríkisstjórn Bandaríkjanna staðfestir að í skráakerfistilkynningunni fyrir sjálfvirka markkerfið, sem er lagagerningur sem krafist er samkvæmt bandarískum lögum (bandarísku persónuverndarlögunum frá 1974), er kveðið á um, að því er varðar farþegabókunargögn sem henni berast vegna flugs milli Bandaríkjanna og Íslands, að ríkisstjórn Bandaríkjanna veitir í grundvallaratriðum sömu friðhelgisvernd og fjallað er um í samningi Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um vinnslu og flutning farþegabókunargagna (PNR-gagna) á vegum flugrekenda til heimavarnarráðuneytis Bandaríkjanna, sem undirritaður var í Washington og Brussel 23. og 26. júlí 2007 (samningurinn frá 2007). Ríkisstjórn Bandaríkjanna fullvissar ríkisstjórn Íslands um að meðferð hennar á slíkum farþegabókunargögnum úr flugi milli Bandaríkjanna og Íslands muni ekki verða önnur en sú sem farþegabókunargögn njóta samkvæmt samningnum frá 2007.
2. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal tilkynna ríkisstjórn Íslands um hvers kyns breytingar á skráakerfistilkynningunni fyrir sjálfvirka markkerfið sem kunna að hafa áhrif á þá meðferð og friðhelgisvernd sem gildir um farþegabókunargögn sem geymd eru í sjálfvirka markkerfinu-farþegar (ATS-P), og um hvers kyns breytingar á samningnum frá 2007 eða síðari samningum í framhaldi af honum. Hreyfi ríkisstjórn Íslands ekki andmælum mun meðferð farþegabókunargagna frá flugrekendum á Íslandi vera í samræmi við skráakerfistilkynninguna, með áorðnum breytingum, sem einnig myndi endurspegla samninginn frá 2007 eða breytingar á honum. Leggi ríkisstjórn Íslands fram andmæli skal gengið til viðræðna innan sextíu (60) daga, eins og lýst er í 5. lið hér á eftir.
3. Ríkisstjórn Íslands staðfestir að þessi samningur fullnægir kröfum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 að því er varðar flutning til erlends ríkis.
4. Ríkisstjórn Íslands skal tryggja að flugrekendur sem starfrækja farþegaflug milli Íslands og Bandaríkjanna geri farþegabókunargögn aðgengileg ríkisstjórn Bandaríkjanna í samræmi við bandarísk lög.
5. Ríkisstjórnirnar tvær skulu, með gagnkvæmu samkomulagi, leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu þessa samnings. Sendiráðið leggur enn fremur til, fyrir hönd ríkisstjórnar Bandaríkjanna, að fallist ríkisstjórn Íslands á þessa tillögu skuli orðsending þessi og svarorðsending ráðuneytisins henni til staðfestingar vera ígildi samnings milli ríkisstjórnanna tveggja, sem öðlast skal gildi á degi orðsendingar ráðuneytisins og gilda nema önnur ríkisstjórnanna segi honum upp með því að tilkynna hinni skriflega um það með tveggja (2) mánaða fyrirvara.

Sendiráð Bandaríkja Ameríku notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneyti lýðveldisins Íslands enn á ný um fyllstu virðingu sína.“

Utanríkisráðuneytinu veitist sá heiður að staðfesta að ríkisstjórn Íslands fellst á tillöguna sem sett er fram í orðsendingu sendiráðsins og að orðsending sendiráðsins ásamt svarorðsendingu þessari skuli vera ígildi samnings milli ríkisstjórnanna tveggja, sem öðlast skal gildi á degi orðsendingar þessarar og gilda nema önnur ríkisstjórnanna segi honum upp með því að tilkynna hinni skriflega um það með tveggja (2) mánaða fyrirvara.

Utanríkisráðuneytið notar þetta tækifæri til þess að votta sendiráði Bandaríkja Ameríku enn á ný fyllstu virðingu sína.

Utanríkisráðuneytinu
Reykjavík,13. júlí 2010

# AGREEMENT
# IN THE FORM OF ECHANGE OF NOTES BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND THE GOVERNMENT OF THE UNITED STATES OF AMERICA OF PASSANGER NAME RECORD (PNR)

*A. Note from Government of the United States of America.*

The Embassy of the United States of America presents its compliments to the Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Iceland and, with reference to discussions between the Government of the United States of America ("U.S. Government") and the Government of Iceland on the transfer of Passenger Name Record (PNR) data derived from flights between Iceland and the United States, has the honor to propose the following:

On behalf of the U.S. Government, the Embassy is pleased to inform the Government of Iceland that such PNR data are subject to the privacy protections for PNR data as set out in the System of Records Notice (SORN) for the Automated Targeting System (ATS) issued by the U.S Department of Homeland Security (DHS), U.S. Customs and Border Protection. A System of Records is a group of any records, under the control of any U.S. government agency, from which information is retrieved by the name of the individual or by some identifying number, symbol, or other identifier assigned to the individual. Under U.S. law, each such agency must publish notice of its Systems of Records in the Federal Register. The SORN for ATS was published in the United States Federal Register of August 6, 2007, (Volume 72, Number 150) (Pages 43650-43656).

PNR data is required for all flights to or from the United States pursuant to the Aviation and Transportation Security Act of 2002 (Public Law 107-71), specifically, Title 49, United States Code, section 44909(c)(3). PNR data derived from flights between Iceland and the United States are governed by the rules regarding Passenger Name Record data that are set out in the SORN for ATS-Passenger (ATS-P), one of the six modules within ATS. The SORN covers the procedures for collecting, analyzing, storing, and providing access to such PNR information and redress as it applies to all passengers. This portion of the SORN addresses: the purpose of processing PNR; the routine uses of the system, including instances in which PNR data may be shared with other agencies or governments; the data elements that comprise PNR; the individuals covered by the system; the risk-based targeting of travelers based on PNR data; the application of the administrative safeguards of the U.S. Privacy Act to records of individuals other than U.S. citizens or legal permanent residents that are contained in mixed systems; the length of retention and disposal of the PNR data; and an individual's opportunity for access to his or her PNR data and opportunities for redress.

In the light of the foregoing:

1. The U.S. Government confirms that for PNR data provided to the U.S. Government derived from flights between the United States and Iceland, the ATS SORN, a legal instrument required under U.S. law (the U.S. Privacy Act of 1974), provides that the U.S. Government confers substantially the same privacy protections as those addressed in the Agreement between the United States of America and the European Union on the Processing and Transfer of Passenger Name Record (PNR) Data by Air Carriers to the United States Department of Homeland Security, signed at Washington and Brussels on July 23 and July 26, 2007 (the 2007 Agreement). The U.S. Government assures the Government of Iceland that it treats such PNR data derived from flights between the United States and Iceland no differently than the treatment accorded to PNR data subject to the 2007 Agreement.
2. The U.S. Government shall inform the Government of Iceland about any amendments to the ATS SORN that may affect the treatment of, and privacy protections applicable to PNR contained in ATS-P, or any amendments or successor agreements to the 2007 Agreement. Unless the Government of Iceland objects, PNR data transferred from air carriers in Iceland shall be treated in accordance with the SORN, as amended, which would also reflect the 2007

Agreement or any modifications thereto. If the Government of Iceland objects there shall be consultations within sixty (60) days, as described in point 5 below.

3. The Government of Iceland confirms that this Agreement satisfies the requirements of the Act on the Protection of Privacy as regards the processing of Personal Data, No. 77/2000 regarding transfers to a foreign country.
4. The Government of Iceland shall ensure that air carriers operating passenger flights between Iceland and the United States make PNR data available to the U.S. Government in accordance with U.S. law.
5. The two Governments shall endeavor to resolve by mutual agreement any difficulties or doubts arising as to the interpretation or application of this agreement. The Embassy further proposes, on behalf of the U.S. Government, that, should this proposal be acceptable to the Government of Iceland, this Note and the Ministry's favorable Note in reply shall constitute an agreement between the two Governments that shall take effect on the date of the Ministry's Note and shall remain effective unless terminated by either Government with two (2) months' advance written notice to the other.

The Embassy of the United States of America avails itself of this opportunity to renew to the Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Iceland the assurances of its highest consideration.

Embassy of United States of America
Reykjavík, Iceland, June 14, 2010

*B. Note from the Government of Iceland.*

The Ministry for Foreign Affairs presents its compliments to the Embassy of the United States of America and has the honor to acknowledge receipt of the Embassy's Note No. 19, dated June 14, 2010, which reads as follows:

"The Embassy of the United States of America presents its compliments to the Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Iceland and, with reference to discussions between the Government of the United States of America ("U.S. Government") and the Government of Iceland on the transfer of Passenger Name Record (PNR) data derived from flights between Iceland and the United States, has the honor to propose the following:

On behalf of the U.S. Government, the Embassy is pleased to inform the Government of Iceland that such PNR data are subject to the privacy protections for PNR data as set out in the System of Records Notice (SORN) for the Automated Targeting System (ATS) issued by the U.S Department of Homeland Security (DHS), U.S. Customs and Border Protection. A System of Records is a group of any records, under the control of any U.S. government agency, from which information is retrieved by the name of the individual or by some identifying number, symbol, or other identifier assigned to the individual. Under U.S. law, each such agency must publish notice of its Systems of Records in the Federal Register. The SORN for ATS was published in the United States Federal Register of August 6, 2007, (Volume 72, Number 150) (Pages 43650-43656).

PNR data is required for all flights to or from the United States pursuant to the Aviation and Transportation Security Act of 2002 (Public Law 107-71), specifically, Title 49, United States Code, section 44909(c)(3). PNR data derived from flights between Iceland and the United States are governed by the rules regarding Passenger Name Record data that are set out in the SORN for ATS-Passenger (ATS-P), one of the six modules within ATS. The SORN covers the procedures for collecting, analyzing, storing, and providing access to such PNR information and redress as it applies to all passengers. This portion of the SORN addresses: the purpose of processing PNR; the routine uses of the system, including instances in which PNR data may be shared with other agencies or governments; the data elements that comprise PNR; the individuals covered by the system; the risk-based targeting of travelers based on PNR data; the application of the administrative safeguards of the U.S. Privacy Act to records of individuals other than U.S. citizens or legal permanent residents that are contained

in mixed systems; the length of retention and disposal of the PNR data; and an individual's opportunity for access to his or her PNR data and opportunities for redress.

In the light of the foregoing:

1. The U.S. Government confirms that for PNR data provided to the U.S. Government derived from flights between the United States and Iceland, the ATS SORN, a legal instrument required under U.S. law (the U.S. Privacy Act of 1974), provides that the U.S. Government confers substantially the same privacy protections as those addressed in the Agreement between the United States of America and the European Union on the Processing and Transfer of Passenger Name Record (PNR) Data by Air Carriers to the United States Department of Homeland Security, signed at Washington and Brussels on July 23 and July 26, 2007 (the 2007 Agreement). The U.S. Government assures the Government of Iceland that it treats such PNR data derived from flights between the United States and Iceland no differently than the treatment accorded to PNR data subject to the 2007 Agreement.
2. The U.S. Government shall inform the Government of Iceland about any amendments to the ATS SORN that may affect the treatment of, and privacy protections applicable to PNR contained in ATS-P, or any amendments or successor agreements to the 2007 Agreement. Unless the Government of Iceland objects, PNR data transferred from air carriers in Iceland shall be treated in accordance with the SORN, as amended, which would also reflect the 2007 Agreement or any modifications thereto. If the Government of Iceland objects there shall be consultations within sixty (60) days, as described in point 5 below.
3. The Government of Iceland confirms that this Agreement satisfies the requirements of the Act on the Protection of Privacy as regards the processing of Personal Data, No. 77/2000 regarding transfers to a foreign country.
4. The Government of Iceland shall ensure that air carriers operating passenger flights between Iceland and the United States make PNR data available to the U.S. Government in accordance with U.S. law.
5. The two Governments shall endeavor to resolve by mutual agreement any difficulties or doubts arising as to the interpretation or application of this agreement. The Embassy further proposes, on behalf of the U.S. Government, that, should this proposal be acceptable to the Government of Iceland, this Note and the Ministry's favorable Note in reply shall constitute an agreement between the two Governments that shall take effect on the date of the Ministry's Note and shall remain effective unless terminated by either Government with two (2) months' advance written notice to the other.

The Embassy of the United States of America avails itself of this opportunity to renew to the Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Iceland the assurances of its highest consideration."

The Ministry for Foreign Affairs has the honor to confirm that the proposal set forth in the Embassy's Note is acceptable to the Government of Iceland, and that the Embassy's Note, together with this Note in reply, shall constitute an agreement between the two Governments that shall take effect on the date of this Note and shall remain effective unless terminated by either Government with two (2) month's advance written notice to the other.

The Ministry for Foreign Affairs avails itself of this opportunity to renew to the Embassy of the United States of America the assurance of its highest consideration.

Ministry for Foreign Affairs
Reykjavík, 13 July 2010

---